

Persónuverndarstefna Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær (einnig vísað til „sveitarfélagsins“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið vinnur. Á þeim grundvelli hefur sveitarfélagið sett sér eftirfarandi persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga:

1. Tilgangur og gildissvið

Ísafjarðarbær leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (hér eftir „almenna persónuverndarreglugerðin“).

Er stefnu þessari ætlað að ítreka mikilvægi persónuverndar við sérhverja meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum eins og þær eru skilgreindar í persónuverndarlögum, en með vísan til sveitarfélagsins er einnig átt við stofnanir þess og fyrirtæki.

2. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessa og framfylgni sveitarfélagsins við persónuverndarlög. Hann starfar sem tengiliður vegna erinda sem varða persónuupplýsingar og meðferð þeirra af hálfu sveitarfélagsins og stofnana þess, hvort sem um er að ræða fyrirspurnir einstaklinga, ósk þeirra um að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum eða önnur erindi sem varða réttindi skráðra einstaklinga.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að hringja í síma 450 8000. Fyrirspurnir geta jafnframt borist skriflega eða rafrænt.

Skriflegar fyrirspurnir skulu sendar til:

Ísafjarðarbær

Persónuverndarfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Rafrænar fyrirspurnir skulu sendar til:

personuvernd@isafjordur.is

3. Vinnsla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

Ísafjarðarbær viðheldur skrá í starfsemi sinni og býr yfir persónuupplýsingum í tengslum við lögbundna þjónustu og aðra þjónustu sem sveitarfélagið hefur ákveðið að veita. Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind nánar í vinnsluskrá sem Ísafjarðarbær heldur í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á trúnað, áreiðanleika og tiltækileika gagna við vinnslu persónuupplýsinga.

Trúnaður. Ísafjarðarbær tryggir að eingöngu aðilar, sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum hjá sveitarfélaginu og búnaði tengdum þeim.

Áreiðanleiki gagna. Ísafjarðarbær leggur áherslu á að upplýsingar sem skráðar eru hjá sveitarfélaginu séu réttar og áreiðanlegar hverju sinni. Rangar, villandi, ófullkomnar eða úreltar upplýsingar séu leiðréttar eða við þær aukið þegar slíkt uppgötvast.

Tiltækileiki gagna. Ísafjarðarbær tryggir að skráðar upplýsingar séu aðgengilegar þeim sem hafa heimild og þurfa að nota þær þegar þeirra er þörf og tryggir einnig að kerfi og gögn sem kunna að eyðileggjast sé hægt að endurreisa með hjálp viðbragðsáætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað.

4. Meðferð Ísafjarðarbæjar á persónuupplýsingum

Öll vinnsla Ísafjarðarbæjar á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum, upplýsingalögum og öðrum lögum sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur, til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir sveitarfélagið starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar.

5. Um hverja safnar Ísafjarðarbær persónuupplýsingum?

Við rekstur á sveitarfélagi safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og er vinnsla slíkra upplýsinga oft á tíðum nauðsynleg svo sveitarfélagið geti veitt lögbundna þjónustu.

Sveitarfélagið safnar og vinnur þar á meðal með persónuupplýsingar um eftirfarandi aðila:

- íbúa, þjónustuþega, umsækjendur, og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins;
- nemendur leikskóla eða grunnskóla og foreldra/forráðamenn þeirra;

- starfsfólk sveitarfélagsins;
- einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið;
- tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnana og annarra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við.

6. Hvaða persónuupplýsingum safnar Ísafjarðarbær?

Ísafjarðarbær safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um þá aðila sem taldir eru upp í 5. kafla þessarar persónuverndarstefnu, en þó eingöngu upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangsmeiri upplýsingum t.d. safnað um íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn heldur en aðra. Undir tilteknum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. upplýsingum um heilsufar, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát skal höfð við vinnslu slíkra upplýsinga.

Ísafjarðarbær aflar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tilteknar aðstæður geta upplýsingar þó komið frá þriðja aðila, t.d. Þjóðskrá, heilbrigðisstofnun eða öðrum aðila. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sveitarfélagið leitast við að upplýsa þann sem upplýsingarnar varða um slíkt, eftir því sem við á, nema sérlæg kveði á um annað.

7. Heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Ísafjarðarbær safnar persónuupplýsingum fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga um skyldur sveitarfélaga. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á. Þá byggir sveitarfélagið sumu vinnslu jafnframt á samþykki hinna skráðu, og á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignarvörsluskyni. Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins jafnframt verið nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem sveitarfélagið fer með.

8. Öryggi persónuupplýsinga

Ísafjarðarbær leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

9. Varðveislutími persónuupplýsinga

Þar sem Ísafjarðarbær er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru persónuupplýsingar því afhentar héraðsskjalasafni að 30 árum liðnum.

10. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Ísafjarðarbær kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig getur þriðji aðili sem veita sveitarfélaginu upplýsingatæknipjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum, en sveitarfélaginu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Ísafjarðarbær semur eingöngu við utanaðkomandi aðila sem tryggja öryggi persónuupplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd sveitarfélagsins. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimild á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

11. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft, einstök svið þess eða stofnanir ákveður tilgang og aðferð við vinnsluna. Þannig eru leikskólar og grunnskólar sveitarfélagsins t.a.m. ábyrgðaraðilar þeirra persónuupplýsinga sem þar eru unnar.

12. Skyldur starfsmanna Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, m.a. með fræðslu. Starfsemi sveitarfélagsins og starfshættir starfsfólks þess skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.

Starfsfólk sem hefur aðgang að upplýsingaverðmætum og vinnsluaðilar, sem koma að rekstri upplýsingakerfa á vegum Ísafjarðarbæjar, skulu hafa aðgang að og þekkja til þessarar persónuverndarstefnu.

Um þagnarskyldu starfsfólks vísast til 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Viðurlög við persónuverndarbroti getur orðið grundvöllur að skriflegri áminningu eða brottrekstri, ef brot er stórfellt.

13. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Óski einstaklingur eftir að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, t.d. til annars sveitarfélags, getur viðkomandi einnig átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar afhentar á tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til viðkomandi þriðja aðila. Á grundvelli persónuverndarlaga geta einstaklingar almennt fengið óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum persónuupplýsingum um sig eytt. Þessi réttur einstaklinga er þó takmörkunum háður þegar um er að ræða lagaskyldu ábyrgðaraðila til að varðveita upplýsingar á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og gildir því að litlu sem engu leyti um persónuupplýsingar sem sveitarfélög vinna. Þar sem sveitarfélög eru afhendingarskyld samkvæmt síðastnefndum lögum þykir rétt að ítreka að Ísafjarðarbæ sé með öllu óheimilt að eyða skjölum sem undir löginn falla nema með heimild þjóðskjalavarðar, sbr. umfjöllun í 9. kafla þessarar persónuverndarstefnu.

Svo sem fyrr greinir þá byggir sveitarfélagið sumar vinnsluaðgerðir á samþykki hinna skráðu. Í því samhengi þykir rétt að verkja sérstaka athygli á því að einstaklingar sem veitt hafa samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga er heimilt að afturkalla það hvenær sem er og skal það gert skriflega. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögumátt vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. persónuverndarlaga.

Mælst er til þess að beiðnir einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt persónuverndarlögum berist í gegnum beiðnaform á mínum síðum undir rafrænum Ísafirði á heimasíðu Ísafjarðarbæjar (<https://www.minarsidur.isafjordur.is>), þó hægt sé að taka á móti beiðnum með öðrum hætti. Beiðnir einstaklinga um afrit að persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur um þá skulu afmarkaðar við tiltekin gögn eða tiltekin mál, sbr. 15. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Leitast er við að svara öllum beiðnum innan

mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

Upplýsingar sem veittar eru skulu vera án endurgjalds. Hafi beiðni í för með sér ljósritun/prentun í miklu magni eða sé beiðni frá einstaklingi augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna endurtekningar, er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald skv. gjaldskrá fyrir ljósritun og prentun og/eða setja upp sanngjarnt gjald með tilliti til kostnað við upplýsingagjöfina eða að neita að verða við beiðninni. Það skal vera sveitarfélagsins að sýna fram á að beiðni sé tilefnislaus eða óhófleg samkvæmt 17. gr. persónuverndarlaga, og 12. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

14. Fræðsla til almennings og skráðra aðila

Ísafjarðarbær hefur leiðbeiningarskyldur til almennings og skráðra aðila hvað varðar persónuverndarmál. Sveitarfélagið skal hafa upplýsingar um fræðslu til almennings og skráðra aðila á áberandi stað á heimasíðu sinni, stofnana þess og fyrirtækja.

Í fræðslu til almennings skal m.a. koma fram rétturinn til að fá staðfestingu hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða viðkomandi hjá Ísafjarðarbæ og ef svo er, réttur til aðgangs að persónuupplýsingum, og þ.m.t. upplýsingum um tilgang vinnslu; flokka persónuupplýsinga; viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingarnar í hendur; upplýsingar um veitendur persónuupplýsinga og hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingarnar. Ennfremur skal fræðsla til almennings mæla fyrir um réttinn til að láta takmarka vinnslu eða andmæla vinnslu, réttinn til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd, réttinn til að láta leiðrétta eða eyða persónuupplýsingum með þeim takmörkunum sem hann er háður, sbr. umfjöllun í 13. kafla þessarar persónuverndarstefnu og réttinn til þess að afturkalla veitt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

15. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingur spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig sveitarfélagið varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Ísafjarðarbæjar sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu Ísafjarðarbæjar á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

16. Endurskoðun

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar getur á hvaða tímapunkti breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig sveitarfélagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Þessi persónuverndarstefna var samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 20. september 2018 og tekur þegar gildi.